

Persónuverndarstefna Félags sjúkraþjálfara

Almennt

Persónuvernd þín skiptir Félag sjúkraþjálfara máli. Við höfum því útbúið persónuverndarstefnu sem nær yfir söfnun okkar, notkun, birtingu, flutning og geymslu á upplýsingunum þínum. Gefðu þér tíma til að kynna þér vinnubrögð okkar þegar kemur að persónuvernd og hafðu samband við skrifstofu félagsins ef þú hefur einhverjar spurningar, netfang: sjukrathjalfun@bhm.is

Þú getur skoðað og notið vefsvæðisins okkar án þess að gefa upp nokkrar persónulegar upplýsingar, þar með talið netfangið þitt. En ef þú skilur eftir persónuupplýsingar hér geturðu verið viss um að við munum ekki selja, leigja eða deila persónuupplýsingunum þínum með neinum öðrum, nema þá aðeins að þeir geti hjálpað okkur að veita þér þá þjónustu sem þú baðst um, sbr. umfjöllun fyrir neðan.

Söfnun og notkun persónugreinanlegra upplýsinga

Persónugreinanlegar upplýsingar eru gögn sem nota má til að bera kennsl á eða hafa samband við tiltekinn einstakling.

Þú gætir verið beðin(n) um að gefa upp persónugreinanlegar upplýsingar hvenær sem þú átt í samskiptum við Félag sjúkraþjálfara.

Félag sjúkraþjálfara notar persónugreinanlegar upplýsingar í samræmi við þessa persónuverndarstefnu. Félagið getur einnig sameinað þær öðrum upplýsingum til að afgreiða umsóknir, útvega og bæta þjónustu við félagsmenn. Þú þarft ekki að veita þær persónugreinanlegu upplýsingar sem við höfum óskað eftir en ef þú kýst að gera það ekki getum við ekki afgreitt umsóknir, veitt þér þjónustu né heldur brugðist við fyrirspurnum sem þú kannt að senda okkur.

Hér eru dæmi um þær tegundir persónugreinanlegra upplýsingar sem Félag sjúkráþjálfara safnar og notar:

Þær persónugreinanlegu upplýsingar sem við söfnum:

- Þegar þú sækir um aðild að félaginu, skráir þig á námskeið, hefur samband við okkur, kunnum við að safna ýmsum upplýsingum, þ. á m. nafninu þínu, póstfangi, símanúmeri, vinnustað, vinnufyrirkomulagi (launþegi, verktaki, annað), netfangi, heppilegum samskiptamáta og bankareikningum.
- Við söfnum og vistum upplýsingar um menntun, starfsleyfi, sérfræðileyfi, námskeið, hvernig félagsmenn nýta þjónustu félagsins o.fl. þessu tengt.
- Við höldum skrá um samskipti félagsmanna við félagið og þeim breytingum sem verða á grunnupplýsingum, s.s. félagsaðild, vinnustað, vinnufyrirkomulagi, greiðslusögu o.fl.

Notkun okkar á persónugreinanlegum upplýsingum um þig:

- Þær persónugreinanlegu upplýsingar sem við söfnum gera okkur kleift að senda þér nýjustu fréttir og upplýsingar um væntanlega viðburði. Viljirðu ekki vera á póstlista okkar geturðu afþakkað hvenær sem er með því að senda tölvupóst á netfangið: sjukrathjalfun@bhm.is
- Við munum nota persónugreinanlegar upplýsingar þínar, svo sem fæðingardag þinn og ár, til að staðfesta auðkenni þitt, aðstoða við auðkenningu notanda og ákvarða viðeigandi þjónustu fyrir þig. Til dæmis getum við notað fæðingardag eða kennitölu til að afgreiða umsóknir þar sem það á við.
- Annað veifið kunnum við að nota persónugreinanlegar upplýsingar um þig til að senda þér mikilvægar tilkynningar, t.d. upplýsingar um viðhorfskannanir, þjónustukannanir og upplýsingar um kjaramál eða annað sem félagið sendir félagsmönnum. Þar sem þessar upplýsingar eru mikilvægar í samskiptum þínum við Félag sjúkráþjálfara geturðu ekki afþakkað þessi samskipti.

Söfnun og notkun ópersónugreinanlegra upplýsinga

Við söfnum einnig gögnum á sniði sem ekki er hægt að tengja beint við tiltekna einstaklinga.

Ef við sameinum ópersónugreinanlegar upplýsingar persónugreinanlegum upplýsingum verður farið með sameinuðu upplýsingarnar sem persónugreinanlegar upplýsingar á meðan þær eru sameinaðar.

Heimasíða og netsamfélagssíða Félags sjúkraþjálfara

Heimasíða Félags sjúkraþjálfara, www.physio.is, safnar ekki sjálfkrafa neinum persónurekjanlegum gögnum um notkun og notendur. Umferð um vefsvæðið er mæld, en þær upplýsingar um notkun sem við höfum aðgang að eru ekki persónurekjanlegar.

Félag sjúkraþjálfara er ábyrgðaraðili heimasíðunnar, en Hugsmiðjan er vinnsluaðili, sem sinnir uppsetningu og rekstri vefsvæðisins fyrir okkar hönd.

Innsend gögn

Þegar notandi sendir okkur fyrirspurn í gegnum vefform er þar beðið um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að við getum svarað fyrirspurninni (nafn og netfang).

Eftir að fyrirspurn hefur borist okkur er unnið með þær upplýsingar í samræmi við okkar vinnureglur varðandi meðhöndlun tölvupósts og þess gætt að einungis þeir starfsmenn okkar sem koma að því að svara fyrirspurnum hafi aðgang að gögnunum.

Milliliður í móttöku fyrirspurna er vefkerfi þjónustuaðila okkar sem hýst er í skýjalausn innan Evrópu. Innsendum gögnum er sjálfkrafa eytt úr vefkerfinu innan 180 daga og þar fer ekki fram nein frekari söfnun eða úrvinnsla gagna og innsendum netföngum er aldrei deilt með utanaðkomandi.

Skráningar á viðburði/námskeiði

Upplýsingar um skráða þátttakendur á viðburði/námskeiði eru geymdar í vefkerfi þar til 180 dögum eftir að viðburði er lokið og eftir það er þeim sjálfkrafa eytt úr kerfinu. Fræðslunefnd félagsins tekur afrit og eru skrár um þátttakendur námskeiða varðveittar í samræmi við verndun persónugreinanlegra upplýsinga á skrifstofu félagsins (sjá neðar). Engar upplýsingar um greiðslukort eru vistaðar í vefkerfum okkar.

Þær upplýsingar sem beðið er um eru einungis notaðar til þess að við getum haldið utan um þátttakendur námskeiða/viðburða og svarað fyrirspurnum og er aldrei deilt með óviðkomandi (sjá neðar um upplýsingar birtar þriðju aðilum).

Netsamfélagssíða Félags sjúkraþjálfara (Facebook)

Þegar þú birtir færslu á netsamfélagssíðu Félags sjúkraþjálfara eru persónugreinanlegu upplýsingarnar og efnið sem þú deilir sýnilegt öðrum notendum og þeir geta lesið það, safnað því eða notað það. Þú berð ábyrgð á þeim persónugreinanlegu upplýsingum sem þú kýst að deila eða senda við þessar

kringumstæður. Ef þú gefur t.d. upp nafn þitt og netfang í færslu á umræðusvæði eru þær upplýsingar opinberar. Sýndu aðgát þegar þú notar þessa eiginleika.

YouTube myndbönd

Vísanir okkar í YouTube myndbönd eru þannig útfærðar að engar upplýsingar berast YouTube nema notandi smelli á spilarahnappinn. Eftir það gilda skilmálar YouTube um meðhöndlun persónutengjanlegra upplýsinga.

Upplýsingar birtar þriðju aðilum

Félag sjúkráþjálfara gerir tiltekna persónugreinanlegar upplýsingar aðgengilegar Sjóðum BHM í því skyni að fá upplýsingar til að geta afgreitt umsókn eða önnur mál sem þú hefur leitað til félagsins með. Þriðja aðila ber skylda til að vernda upplýsingar þínar.

Nauðsynlegt gæti verið – samkvæmt lögum, lagaferlum, málaferlum og/eða beiðni frá opinberum aðilum – að Félag sjúkráþjálfara gefi upp persónugreinanlegar upplýsingar þínar. Við gefum upp upplýsingar um þig ef við teljum það nauðsynlegt eða viðeigandi af orsökum sem varða þjóðaröryggi, löggæslu eða annan almannahag.

Þessu til viðbótar og þrátt fyrir sérhvert ákvæði þessarar persónuverndarstefnu áskiljum við okkur rétt til notkunar og afhjúpunar á persónuupplýsingum og ópersónulegum upplýsingum í því skyni að rannsaka, koma í veg fyrir eða bregðast við lögbrotum, gruni um svik eða aðstæðum sem fela í sér mögulega hættu á líkamsskaða hjá öðrum einstaklingi, eða í öðrum þeim tilgangi sem lög kveða á um.

Verndun persónugreinanlegra upplýsinga

Félag sjúkráþjálfara tekur öryggi persónugreinanlegra upplýsinga mjög alvarlega. Þegar Félag sjúkráþjálfara geymir persónuupplýsingar frá þér notum við tölvukerfi með takmörkuðum aðgangi, hýst á stöðum sem varðir eru með efnislegum öryggisráðstöfunum. Gögn eru hýst bæði á skýjalausnum Microsoft og hjá innlendum hýsingaraðilum. Öll gögn eru afrituð með reglubundnum hætti og afrit geymd á dulkóðuðu sniði.

Heilleiki og varðveisla persónugreinanlegra upplýsinga

Félag sjúkráðgjafara mun varðveita persónugreinanlegar upplýsingar þínar eins lengi og þarf til að uppfylla það sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu nema lög krefjist eða leyfi lengri varðveislutíma.

Aðgangur að persónugreinanlegum upplýsingum

Félag sjúkráðgjafara veitir þér aðgang og afrit að gögnum í hvaða tilgangi sem er, þ.m.t. til að biðja okkur um að leiðrétta gögnin ef þau eru ónákvæm eða eyða gögnunum ef félaginu ber ekki skylda til að varðveita þau lögum samkvæmt. Við gætum hafnað því að vinna úr beiðnum sem eru lítilvægar/tilefnislausar, stofna friðhelgi annarra í hættu, eru sérlega óhagkvæmar eða krefjast aðgangs sem að öðru leyti er ekki krafist samkvæmt lögum á hverjum stað. Beiðnir um aðgang, leiðréttingu eða eyðingu má senda til [tölvupóstfang].

Áhersla Félags sjúkráðgjafara á persónuvernd þína

Til að tryggja öryggi persónugreinanlegu upplýsinganna þinna upplýsum við starfsfólk Félags sjúkráðgjafara um reglur okkar varðandi persónuvernd og öryggi og framfylgjum með ströngum hætti öryggisráðstöfunum innan Félags sjúkráðgjafara.

Spurningar um persónuvernd

Ef spurningar eða athugunarefni koma upp varðandi persónuverndarstefnu eða gagnavinnslu Félags sjúkráðgjafara eða ef þú vilt kvarta yfir hugsanlegu broti á persónuverndarlögum skaltu hafa samband við okkur á netfangið sjukrathjalfun@bhm.is

Þegar okkur berst spurning um persónuvernd mun formaður félagsins fara yfir samskiptin og leitast við að taka á því tiltekna athugunarefni eða fyrirspurn sem þú vilt fá svör við. Ef málið er umfangsmeira í eðli sínu gætum við óskað frekari upplýsinga frá þér. Öllum slíkum umfangsmeiri samskiptum er svarað. Ef þú sættir þig ekki við svar okkar geturðu beint kvörtun þinni til Persónuverndarstofnunar. Ef þú spyrð okkur munum við leitast við að veita þér upplýsingar um leiðir til að leggja fram kvartanir sem eiga við þínar kringumstæður.

Félag sjúkráðgjafara

Júlí 2018